

# Lækjarbakki 1 er jólahús Snæfellsbæjar 2023

Fyrir í þessum mánuði óskaði menningarnefnd Snæfellsbæjar eftir tillögum íbúa að jólahúsi Snæfellsbæjar 2023. Jólahús Snæfellsbæjar eru þau hús sem íbúum þykja fallega skreytt í tilefni jólahátíðarinnar. Ópið var fyrir tillögur til miðnætis 21. desember en eftir það fór menningarnefnd yfir niðurstöður og voru þær kynntar á miðlum Snæfellsbæjar 23. desember síðastliðinn. Við yfirferð á innsendum tillögum frá íbúum kom í ljós að meirihluti var sammála um að Lækjarbakki 1 á Arnarstapa skyldi fá viðurkenningu fyrir fallegustu jólaskreytinguna í ár. Sigurlaug Konráðsdóttir og Haraldur Yngvason eiga hrós skilið fyrir þetta sannkallaða ævintýraland. Formaður menningarnefndar, Ingunn Ýr Angantýsdóttir, færði



hjónumum viðurkenningu fyrir Jólahús 2023 í fallegu vetrarveðri á Arnarstapa.

JJ

## Sædís til Vålrenga

Sædís Rún Heiðarsdóttir 19 ára fótboltakona frá Ólafsvík er gengin í raðir Vålrenga í Noregi. Hún skrifaði undir þriggja ára samning við liðið, sem er eitt besta liðið í Noregi. Samningurinn tekur gildi þann 1. janúar og gildir út tímabilið 2026. Sædís er eins og flestum er kunnugt uppalin hjá Víkingi í Ólafsvík en hefur verið að gera virkilega góða hluti hjá Stjörnunni undanfarið og verið lykilmáður hjá liðinu síðustu þrjú tímabil. Hún hefur einnig átt fjölmarga leiki með yngri liðum landsliðsins, spilað sem fyrirliði U19 og í ár var henni launuð framúrskarandi frammistaða á vellinum með vali í A-landslið kvenna. Þar hefur

hún nú spilað fimm landsleiki og fest sig í sessi í vinstri bakvarðar stöðunni. Það hefur verið mikill áhugi á henni erlendis og fór hún á reynslu til Englandsmeistarar Chelsea nýlega. Sædís fullkomnar nú fótboltaárið með því að skrifa undir hjá Vålrenga í Noregi og mun hefja árið 2024 á nýjum slóðum. Í samtali á heimasíðu félagsins segist Sædís hafa trú á því að hún geti hjálpað til við að gera liðið betra og hlakkar hana til að þróast sem leikmaður með liðinu. Þá segir hún að hún kunnir vel við þá hugmyndafræði sem liðið styðst við þegar kemur að spilamennsku.

SJ



Bifreiðaverkstæði Egis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Sverrisútgerðin endurnýjar Glað SH

Nýr bátur kom til Ólafsvíkur föstudaginn 22. desember, ber báturinn nafnið Glaður SH 226 og er af gerðinni Cleopatra 33 og er af gerðinni Cleopatra 33 með skipaskrárnúmerið 3046, smíðaður hjá Trefjum í Hafnarfirði. Báturinn er 10 metra langur 3.60 metra breiður og 10.84 brúttótonn. Aðalvél bátsins er John Deere, Glaður SH verður gerður út á handfæri og grásleppu og er Gísli Gunnar Marteinson skipstjóri, óskum við honum og Sverrisútgerðinni til hamingju með nýja bátinn.

ÞA



## Porrablót 3. febrúar



Viðburðarríkt ár er senn á enda, Porrablótsnefnd ætlar að gera það upp á Porrablóti á Klifi 3. febrúar 2024.

**Takið daginn frá.**



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

## Ósóttir vinningar í Lionshappdrættum



Jólahappdrætti Lionsklúbba fóru fram yfir jólahátíðina. Líkt og áður fór happdrætti Lionsklúbbs Nesþinga fram í Röstinni á Þorláksmessu og happdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur í Klifi að morgni Aðfangadags. Auðvitað eru þó alltaf

einhverjir sem ekki ná að mæta og þeir aðilar sem eiga ósótta vinninga geta nálgast vinningana úr happdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur í Steinprent alla virka daga frá 10 til 12 og 13 til 15.

Ósótta vinninga frá happdrætti

Lionsklúbbs Nesþinga má nálgast með því að hafa samband við Ara Bent í síma 866-6939.

Ósótt vinningsnúmer frá jólahappdrætti Lkl. Nesþinga:  
370 - 386 - 266 - 987 - 415 - 484

Ósótt vinningsnúmer frá jólahappdrætti Lkl. Ólafsvíkur:

3	874	1332	1825
192	894	1350	1881
354	1134	1370	2192
483	1159	1602	2255
679	1169	1664	2293
698	1200	1672	2332
826	1229	1741	
853	1260	1769	



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



# Áramótabrenna

*og flugeldasýning björgunarsveitarinnar*

Að kvöldi gamlár dags á Breiðinni  
**kl. 18:00.**

Brennan verður hlaðin 28. - 30. desember.

---

**Brennustjóri:**  
Hjálmar Kristjánsson  
sími: 892 5301

# Útskrift Fjölbrautaskóla Snæfellinga



Miðvikudaginn 20. desember brautskráðust tíu nemendur frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Affélags- og hugvísindabraut brautskráðust fimm, af náttúru- og raunvísindabraut brautskráðust einn, af opinni braut brautskráðust þrír nemendur og af íþróttabraut brautskráðust einn.

Með hæstu meðaleinkunn var Oliwia Aleksandra Lukasik.

Í útskriftarávarpi sínu fór Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari yfir það helsta í skólstarfinu



og sagði m.a. frá því að kennarar skólans hafi kynnt sér nýja tækni í kennslu á árinu og einnig miðlað af sinni reynslu um kennslu í FSN

Samningur sem gerður var við sveitarfélögin á Vestfjörðum árið 2007 verður framlengdur þar sem allir hlutadeigandi hafa trú á mikilvægi Framhaldsdeildarinnar fyrir samfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum.

Nemendur FSN kepptu í nýsköpun framhaldsskólanema MEMA en eins og áður hefur kom-

ið fram í Jökli þá var þeirra framlag í keppnina íþróttadrykkur úr þara en þarinn eykur næringargildi drykkjarins.

Skólinn hefur haldið áfram að byggja upp Fab lab og aðstöðu fyrir nýsköpun, skólinn hlaut styrk að upphæð einni milljón frá Samtökum sveitarfélagana á Vesturlandi sem hefur verið nýttur til tækjakaupa þannig að aðstaðan og aðbúnaðurinn eru alltaf að batna. Nemendur eru farnir að spreyta sig í 3D prentun, vínyl- og laserskurði ásamt því að nota hljóð- og myndverð til að gera hlaðvarpsþætti. Það er mjög algengt að nemendur skili verkefnum í formi hlaðvarpsþátta eða stuttmynda.

Í haust sótti FSN um að verða

UNESCO skóli og sú umsókn hefur verið samþykkt, nú eru um 12.000 skólar UNESCO skólar og starfsemi þeirra er í 182 löndum um allan heim.

Veittar voru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur og þær viðurkenningar eru veittar af Sveitarfélögunum á norðanverðu Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum, Arion banka og Landsbankanum.

David Hidalgo Rodrigues flutti kveðjuræðu fyrir hönd starfsfólks, Örn Ingi Unnsteinsson flutti ræðu í tilefni 15 ára stúdentsafmælis síns og Oliwia Aleksandra Lukasik flutti ræðu fyrir hönd nýstúdenta.

Myndirnar tók Sumarliði Ásgerisson.

## Sorphirða boðin út

Ríkiskaup, sem útboðsaðili fyrir hönd Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar, hafa auglýst útboð sorpmála hjá sveitarfélögunum tveimur (númer útboðs 22152). Verkið er boðið út á EES-svæðinu í samræmi við lög um opinber innkaup.

Óskað er eftir tilboðum í sorphirðu í þéttbýli og dreifbýli og meðhöndlun úrgangs hjá Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ. Fellur þar undir öll hirða úrgangs frá heimilum í þéttbýli og dreifbýli og frá stofnunum sveitarfélaganna, tæming á grenndarstöðvum að hluta ásamt rekstri söfnunarstöðva, flutningi á urðunarstað og ráð-

stöfun endurvinnsluefna, auk þess sem óskað er eftir tilboðum í gáma- og karaleigu og fleira. Samningstími er fyrirhugaður fimm ár með möguleika á framlengingu samnings um eitt ár.

Verkið skal framkvæma samkvæmt lýsingu í útboðsgögnum og öðrum þeim gögnum sem þar er vísað til, en á vef Ríkiskaupa er hægt að sækja um að fá gögnin afhent frá og með 21. desember.

Tilboðum skal skilað í síðasta lagi 24. janúar 2024 í gegnum TendDesign, innkaupakerfi Ríkiskaupa, og verða tilboð opnuð sama dag.

  
**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



# FLUGELDASALA Í METTUBÚÐ

## SÖLUDAGAR:

Föstud. 29. des. 16 - 22

Laugard. 30. des. 16 - 22

Sunnud. 31. des. 10 - 16

Laugard. 6. jan. 16 - 18



LIONSKLÚBBUR  
ÓLAFSVÍKUR



*Komdu með mér í gamlárspartí*

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar fagnar nýju ári og býður íbúum á áramótaball með hljómsveitinni Baklandið.

Óskum íbúum Snæfellsbæjar og landsmönnum öllum árs og friðar.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Félagsheimilið Klif  
Gamlárskvöld

Húsið opnar kl. 01:00  
Dansað til kl. 04:00

Fritt inn og allir velkomnir.  
**ATH: 18 ára aldurstakmark.**



# Jólahesthús á Brimilsvöllum



Eigendur Brimhesta á Brimilsvöllum opnuðu hesthúsið fyrir gestum og gangandi þann þriðja í aðventu í jólabúningi. Á opna jólahesthúsinu voru börn teymd á hestbaki, kaffi, heitt súkkulaði og kökur voru á boðstólnum og krakkarnir léku sér. Öll hlaðan var

skreytt og voru allir mjög glaðir með þetta framtak, bæði staðarhaldarar og gestir. Mik­ið af fólki gerði sér ferð í opna jólahesthúsið en stanslaus straumur var allan tíman á meðan opnuninni stóð og skein gleðin af andlitum.

SJ

## Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

# Jólasögukeppni Jökuls

Árlega smásögukeppni Jökuls fór fram núna fyrir jólin, þar voru grunnskólanemendur hvattir til að senda inn smásögur til birtingar í jólaútgáfu blaðsins. Að þessu sinni bárust aðeins fjórar sögur til blaðsins, höfundur hverrar sögu fékk bók, fimm miða í happdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur og fimm miða í happdrætti Lionsklúbbs Nesþinga. Allar sögurnar sem sendar voru inn í keppnina má lesa í jólaútgáfu Jökuls og þökkum

við öllum þeim sem sendu inn sögu fyrir þátttökuna.




- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617

# Samsýning nemenda í listmálun

Galleríð 3 Veggir var með áhuga-verðann listviðburður föstudaginn 22. desember, þá var boðið upp á málverkasýningu í vinnustofu Bjarna Sigurbjörnsson í Himinbjörgum á Hellissandi. Sýningin var samsýning nemenda Bjarna í málun haustið 2023.

Á myndinni eru málarnir þær Auður Hilmarsdóttir, Heiðrún Jensdóttir og systurnar Ingibjörg og Steinunn Júlíusdætur. Með þeim á myndinni eru listamennirnir Bjarni og Ragnheiður kona hans en þau eiga húsnæðið sem áður var Verslunin Blómsturvellir.

Myndina tók Pétur Steinar



# Gjaldskrár fyrir tónlistarskólagjöld í Snæfellsbæ

*Gildir frá 1. janúar 2024*

## 1. gr.

### *Forskóli:*

Grunngjald ..... 15.500 kr.

### *Undir 21 árs:*

Heilt tónlistarnám ..... 35.600 kr.

Hálft tónlistarnám ..... 21.360 kr.

Heilt söngnám ..... 41.000 kr.

Hálft söngnám ..... 24.600 kr.

### *21 árs og eldri:*

Heilt tónlistarnám ..... 60.000 kr.

Hálft tónlistarnám ..... 36.000 kr.

Heilt söngnám ..... 68.000 kr.

Hálft söngnám ..... 40.800 kr.

Hljóðfæraleyga ..... 8.000 kr.

## 2. gr.

### *Afslættir af dvalargjald:*

Einstæðir foreldrar og námsmenn ..... 25%

Systkinaafsláttur, 2. barn ..... 25%

Systkinaafsláttur, 3. barn ..... 50%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur reiknast af lágsta dvalargjaldinu. Afsláttur gildir fyrir systkini yngri en 18 ára og á ekki við um frændsystkini þó þau deili lögheimili og greiðandi sé sá sami.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 11. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 9. desember 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá tónlistarskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.

**Snæfellsbær, 9. desember 2023**

**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**



# ÁRAMÓTAHREINGERNING Á POTTINUM?

Hjá okkur færðu efni og áhöld til að halda heitapottinum hreinum.  
(á við um potta frá heitipottar.is)

## LEIÐBEININGAR

Til þess að halda potti tandurhreinum, þarf að hugsa um pottinn í 2 mín á viku. Gott að taka t.d. laugardaga í það.

### NR. 1 - TESTSTRIPS

Nota Teststrips, til þess að finna út hvað þú átt að gera. Teststrips mælir vatnið fyrir klórmagni og Ph gildi í vatninu.



### NR. 2 - FLOTHOLT

Fylla flotholtið af klórtöflum eða brómtöflum (6 stk x 20 gr töflur).

Flotholtið á alltaf að vera fljótandi í pottinum með töflum í.



### NR. 3

#### - REFRESH

Notað Refresh eða Spa Shock, einu sinni í viku. Þá skal lokið tekið af pottinum og ein matskeið sett í pottinn. ATH. Lokið má ekki vera á pottinum í 15 mín. eftir að efnið er sett í pottinn.



### NR. 4 - SÍUR

- Pappasíur eru rifflaðar, og þær þarf að taka úr pottinum í hverri viku og skola vel.  
- Einu sinni í mánuði, þrifa pappasíurnar með hreinsiefnum og skola vel á eftir og setja aftur í pottinn. Pappasíur endast í eitt ár, þá þarf að skipta þeim út fyrir nýjar pappasíur.

### EINNOTA SÍUR

Einnota síur þarf ekki að þrifa. Setja í pottinn og skipta um á 4 til 6 mánaða fresti.



### ÁRLEG ÞRIF

- Nota Pipe Cleaner til þess að hreinsa allar lagnir í pottinum.
- Þegar potturinn er heitur, fjarlægja síur úr pottinum.
- Hella Pipe Cleaner í pottinn og láta dælur ganga í 3-4 klst.
- Pipe Cleaner er gott að hafa í pottinum yfir nótt.
- Tæma pottinn og skola vel út úr honum. Jafnvel fylla pottinn aftur með köldu vatni og tæma.

### ÞEGAR SKIPT ER UM VATN

- Fjarlægja síur úr pottinum.
- Fylla á pottinn í gegnum síu hólfíð. (verður að setja slönguna ofan í síuhólfíð)
- Fylla vatn upp að höfuðrúðum, eða ca. 10 cm frá efstu brún pottarins.
- ALLS EKKI gangsetja pottinn fyrr en potturinn er fullur af vatni.



### VIÐ MÆLUM MEÐ

**Klórþottar.** Skipta um vatn á 2.-3. mánaða fresti.

**Saltvatnsþottar.** Skipta um vatn á 6 mánaða fresti.

Saltvatnsþottur getur verið notaður sem klórþottur. Klórþottur getur EKKI verið notaður sem saltvatnsþottur (vegna þess að klórþottur er ekki með saltvatnskerfi).